

Minnisblað

Tilvísun: 3531342-020-CMO-0001

29.3.2017

Til: Akraneskaupstaður
Sigurður Páll harðarson

Efni: **Kostnaðaráætlun fyrir kostnað við Guðlaugu**

Að beiðni þinni, er hér minnisblað um kostnað við verkframkvæmd við Guðlaugu. Allar tölur eru með vsk. Verðlag er mars 2017.

Mannvirkið Guðlaug á Langasandi var boðið út síðastliðið sumar ásamt verkefninu Endurnýjun Potta á Jaðarsbökkum. Eina tilboðið sem barst í Guðlaugarverkið var að upphæð 56 mkr. Kostnaðaráætlun hönnuða við opnun var 32 mkr.

Í samningsferlinu í september voru lagnir og nokkur frágangsaðili felld út úr pakkanum, og bauð samningsaðili þá 38 mkr. Fengið var sérstakt tilboð í lagnabáttinn í báðum verkum, og var lægsta tilboð í Guðlaugu 4 mkr. Samanlagt má líta á að þarna hafi verktakakostnaður við útboðsverkið verið um 44 mkr.

Undanskilið í útboðsverkinu voru nokkrir verkliðir, s.s. stjórnunarkerfi, veitutengingar, eftirlitskerfi, frágangur umhverfis o.fl.. Þá fór í haust fram endurskoðun á grjótgarði og burðarvirki, í samráði við Vegagerðina (Hafnarvið). Kostnaðaráætlun hefur ekki verið gerð fyrir alla þessa liði, en gróflega er áætlað að þessir liðir séu um 10 mkr.

Til viðbótar er eðlilegt að bæta við áætluðum kostnaði vegna óvissu, í þessu tilfalli 6 mkr. Þó skal bent á að verkið er óhefðbundið, ekki ljóst hvernig verktakar meta aðstæður og ástand markaðs.

Heildarkostnaður við verkframkvæmdina er því áætlaður um 60 mkr.

Virðingarfyllt,

Lárus Ársælsson,
starfstöðvarstjóri